

Skipulagsstofnun
Sigmar Arnar Steingrímsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. febrúar 2010
Tilvísun: UST20100100677/bs

Varp dýpkunarefna vegna byggingar Landeyjarhafnar - matsskylda. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 21. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdalýsing: Í fyrirspurn um matsskyldu kemur fram að dýpka þarf innsiglingarrennu og snúningssvæði Landeyjahafnar. Annars vegar er um að ræða stofndýpkun en áætlað dýpkunarmagn vegna hennar er 150.000 m³. Hins vegar er um að ræða árlega viðhaldsdýpkun sem áætlað er að geti verið um 20.000 m³ til að halda viðunandi dýpt í innsiglingarrennunni.

Í matsskýrslu fyrir Bakkafjörühöfn (nú Landeyjahöfn) kom fram að efnið sem félli til við dýpkunina yrði losað á land og nýtt til að hækka land umhverfis hafnar­svæðið. Nú er hins vegar ætlunin að varpa dýpkunarefninu í hafið á um 20 m dýpi á stað sem er um 2 km suður af ósi Markarfljóts og 3 km suðaustan við hafnar­stæðið. Gert er ráð fyrir að nota sama losunarstað fyrir stofndýpkun og viðhaldsdýpkun.

Samkvæmt upplýsingum sem koma fram í tilkynningu framkvæmdaraðila er dýpkunarefnið sandur, en niðurstöður greininga þriggja botnsýna sýna að kornarstærð botnefnis er að mestu á bilinu 0,1-1 mm. Þar sem ekki hafa verið gerðar mengunarmælingar en miðað við að efnið flokkast að mestu sem sandur og ekki hefur verið nein mengandi starfsemi í nánd við dýpkunarsvæðið er ekki líklegt að mengunarefni hafi safnast fyrir í botnefninu.

Í fyrirspurn framkvæmdaraðila kemur fram að botngerð sé svipuð á losunarsvæðinu og með ströndinni en kornastærð botnefnis þó eitthvað minni. Þar segir einnig að þegar dýpið sé orðið meira en 10 m sé meðal kornastærð orðin innan við 0,2 mm. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á botndýralífi en framkvæmdaraðili vekur athygli á að ekkert lífrænt efni hafi fundist í sýnum sem tekin voru vegna rannsókna á efnisflutningum. Þrátt fyrir að „ekki liggi fyrir tæmandi upplýsingar um lífríki á fyrirhuguðum losunarstað og í ljósi aðstæðna á losunarstað“ telur framkvæmdaraðili að ekki verði um umtalsverð umhverfisáhrif af framkvæmdinni að ræða. Í fyrirspurn um matsskyldu kemur þó fram að Siglingastofnun Íslands ráðgerir að taka sýni á losunarstað með það fyrir augum að kanna hvort lífrænt efni


finnist í þeim og að niðurstaða þeirra rannsókna ætti að liggja fyrir fljótlega.


Þar sem ráðgert er að taka sýni á fyrirhuguðum losunarstað til að kanna lífríki þar telur Umhverfisstofnun að eðlilegt hefði verið að niðurstöður slíkra rannsókna lægju fyrir áður en framkvæmdin væri tilkynnt til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Benda má á að í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar til Umhverfisstofnunar, dags. 22. desember 2009, vegna fyrirhugaðra dýpkunarframkvæmda við Landeyjarhöfn segir m.a.: „Í ljósi þess að til stendur að losa allt að 150.000 m³ á 75.000 m² svæði telur Hafrannsóknastofnunin eðlilegt að fram fari könnun á lífríki á losunarstaðnum áður en framkvæmdir hefjast til að athuga hvort þar er að finna lífverur eða lífríki sem er sérstakt og hefur verndargildi.“

Að mati Umhverfisstofnunar er ekki líklegt að fyrirhugaðar breytingar á framkvæmdum við Landeyjahöfn, þ.e. varp dýpkunarefna í hafið, muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér en þó er ákveðin óvissa varðandi áhrif á lífríki.

Samkvæmt lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er varp efna og hluta í hafið óheimilt, en Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, veitt leyfi til að dýpkunarefnum sé varpað í hafið. Sækja verður um slíkt leyfi til Umhverfisstofnunar þegar ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu liggur fyrir.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri